

Skólanefndarfundur haldinn í FSH 12. maí kl. 16:15.

Mættir eru skólanefndarmennirnir Lilja Rögnvaldsdóttir, Halldór Valdimarsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varamaður Trausta Aðalsteinssonar, og Þór Stefánsson ásamt Róberti Ragnari Skarphéðinssyni fulltrúa foreldra, Evu Matthildi Benediktsdóttur fulltrúa nemenda, Valdimar Stefánssyni fulltrúa kennara, Dóru Ármannsdóttur skólameistara og Jóneyju Jónsdóttur aðstoðarskólameistara sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Félags- og forvarnamál nemenda
2. Fréttir af samstarfi framhaldsskólanna fimm á norðaustursvæði
3. Starfsmannamál
4. Rekstur
5. Önnur mál.

Lilja formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Gengið er til dagskrár.

1. Dóra segir frá því að forvarna- og félagsmálafulltrúi, Sigurður Narfi, er í 10% starfi við skólann. Hún hefur verið í sambandi við Kjartan Pál æskulýðsfulltrúa Norðurþings. Fundur hefur verið með stjórnendum og forvarnafulltrúum FSH og Framhaldsskólanum á Laugum þar sem rætt var um samstarf í félagslífi nemenda. Lilja segir frá að umræða um forvarnir og neyslu í bænum hafi aukist meðal bæjarbúa. Rætt var við lögreglu sem ekki hefur séð aukin tilfelli og heilsugæslan gefur ekki upp tölur. Rannsóknir hafa verið gerðar bæði meðal nemenda í Borgarhóllsskóla og FSH. Setja þarf forvarnir í forgang sem þátt í því að sporna gegn neyslu. Framundan eru miklar breytingar á samfélaginu og allir þurfa að vera á varðbergi, einnig FSH. Félagsstarf unglinga mun verða í húsnæði skólans á kvöldin næsta vetur. Gleðilegt er að segja frá því að útskriftarefni voru til fyrirmyndar í dimmisjón á miðvikudaginn.
2. Dóra segir frá fundi hennar á Þekkingarnetinu með Óla frá Þekkingarnetinu, Sigurbirni Árna á Laugum og Svanfríði verkefnisstjóra þar sem samstarf þeirra var rætt og fundi meðal skólameistara skólanna fimm á norðausturlandi sem eru í samstarfi. Stefnt er að auknu samstarfi á milli skólanna. Þess vegna munu starfsmenn skólanna hittast í vor. Nemendur gætu átt sameiginlegar upptökur í félagsstarfi eins og árshátíð, tónkvísl, dillidagar og leikstarfsemi. Reynt verður að fara af stað með það næsta haust og 2. september verður fundur með stjórnnum nemendaráða skólanna og forvarnafulltrúa skólanna. Rætt er um að þetta séu upphafsskrefin. Skólarnir eru með ólíkt skóladagatal og ólíkar stundaskrár enn og því er erfitt að samræma námskrá. Tillaga kom fram á fundinum á Þekkingarnetinu um að FSH, Þekkingarnetið og Framhaldsskólinn á Laugum hafi eina skólanefnd. Rætt um hvort það sé inngönguleið fyrir ráðuneytið að sameiningu. Einnig hvort umræðan úti í samfélaginu yrði neikvæð. Lagt til að

byrjað verði á því að nefndirnar hittist. Einnig er rætt að berjast fyrir því að fjármagn verði lagt í samstarfið eins og ráðuneytið samþykkti að gera þegar skrifað var undir samstarfssamninginn.

3. Dóra mun hætta 1. ágúst og hefur fengið bréf frá ráðherra um lausn frá embættinu. Starfið hefur enn ekki verið auglýst. Ákveðið er að skólanefnd muni senda bréf til ráðuneytisstjóra og ýta á eftir auglýsingu. Svava fjármálastjóri mun hætta störfum við skólann 15. júní. Gunna Dóra ritari mun taka að sér starf fjármálastjórastarfið sem verður lækkað í 40%.
4. Rekstur er í járnum þar sem launakostnaður hefur aukist mikið í kjölfar nýrra samninga. Margir skólar hafa ekki fengið rekstrarfé frá áramótum og þar á meðal hefur FSH fengið mjög takmarkað fé. FSH er að detta inn í dráttarvexti þar sem ekki hafa komið inn peningar fyrir rekstrinum. Sent hefur verið bréf til ráðuneytisins þar sem farið er fram á að ríkið leggi til þá upphæð sem launahækkarnir hafa í för með sér. Skólanefnd vill fylgjast með málum og ef ekki kemur inn fjármagn ætlar hún að senda ályktun.
5. Útskrift verður með viðhöfn laugardaginn 28. maí í Húsavíkurkirkju.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30.